

# Framlífið.

## Framlífið er lífið eftir dauðann.

Lífið er orka (sálin) sem býr í líkamanum frá sköpun (getnaði). Orku er ekki hægt að eyða, heldur breytist hún úr einni mynd í aðra eftir aðstæðum.

Þegar líkaminn er orðinn hrumur eða þegar slyss verður sem gerir það að verkum að líforkan (sálin) getur ekki lengur haft stjórn á líkamanum, þá yfirgefur hún líkamann (sem þá deyr) og líður fram til framlífs.

Framlíf hvers og eins er hjá þeim sem eru honum líkastir, líkur sækir líkan heim.

Framlíf er ekki líkamalaust líf í andaheimi, eða svefn í gröfinni til hinsta dags, heldur líkamlegt líf á öðrum jörðum.

Þegar sálin yfirgefur líkamann þá er henni hjálpað til þess staðar þar sem hennar fyrsta framlíf verður og aðstoðað við að skapa nýjan líkama úr efnum þeirrar jarðar sem komið er til.

Flestir þurfa að dveljast á heilsustofnun í fyrstu, í lengri eða skemmri tíma meðan hinn nýi líkami er að ná fullum styrk og einstaklingurinn að ná fullri stjórn á hinum nýja líkama.

Fólk er mismunandi fljótt að átta sig á hinu nýja lífi, en ættingjar og vinir taka á móti og kynna hinum nýkomna framlífið. (Sumarlandið).

Það er mjög eðlilegt að í fyrstu sé mikill söknuður fyrir hinu horfna lífi og öllum ættingjum sem skildir voru eftir, en það verður ekki aftur snúið og allir eiga eftir að hittast aftur í fyllingu tímans.

Framlíf hjá flestum er eðlilegt framhald af þeirra fyrra lífi (frumlífi) og hafa þeir með sér alla sína þekkingu og reynslu sem þeir öðluðust í frumlífi sínu.

Eftir að hafa kynnst hinu nýja lífi og sætt sig við sitt fyrsta líf, þá getur hver og einn farið að sinna því sem hugur hans stendur til. En nauðsynlegt er að afgreiða sitt fyrsta líf og sætta sig við mistök sín og fyrirgefa sjálfum sér og öðrum ef það hefur ekki þegar verið gert.

Og eftir að hafa dvalið í sínu fyrsta framlífi í þann tíma sem hentar hverjum og einum og öðlast þann þroska sem þar næst, líður hann fram til síns annars framlífs og þannig er stefnt áfram að auknum þroska og fullkomnun líkama og sálar.

Þetta er svona einföld mynd af því sem tekur við eftir andlátinu hjá flestum, en allir þurfa að gera sér grein fyrir því að þeir uppskera eins og þeir hafa sáð til.

Það er mikill misskilningur að halda að einhver aðili hafi tekið á sig allar syndir mannanna, og öllum sé þegar í stað fyrirgefið allar syndir sem drýgðar hafa verið.

Hver og einn þarf að taka ábyrgð á sínu lífi og vinna sig upp ef hann hefur í framlífi lent á stað þar sem hans líkar eru, ef þeir eru ekki á notalegum stað.

Sumir hafa í framlífi lent á stað þar sem stöðugt myrkur er og hafa þurft að hafa mikið fyrir því að komast á skárri stað og getur það tekið áratuga líf í erfiðleikum áður en losnað er þaðan.

En hver staður býður upp á þroska möguleika og þarf hver og einn að glíma við það sem býður hans.

En ef einstaklingur hefur lent á erfiðum stað, þá er mikið atriði að finna út hvað í hans frumlífi hafi hugsanlega orsakað þetta framlíf.

Góðar verur eru stöðugt að reyna að hjálpa þeim til betri staðar sem lent hafa í erfiðleikum en frumskilyrði er að hver og einn finni ástæðuna fyrir því að þeir lentu þar og reyna að bæta fyrir sig.